

# NATHAN & OLSEN

Höfum fyrirbyggjandi:

## Maismjöl.

Allir sem nota fódurbæti að nokkru ráði vita hve áriðandi er, að hann sé lystugur, þannig að skepnurnar éti hann, og að hann innihaldi öll þau efni sem nauðsynleg eru til að hann komi að tilætlum notum.

Við höfum margra ára reynslu fyrir þeirri tegund af maismjöli sem við seljum og getum því mælt með því sem framúrskarandi góðri tegund.

Það er útlitsfallegt.

Ést vel,

er næringarmikið.

## Franz Siemsen

fyrirum sýslumaður.

Franz Edvard Siemsen var fæddur hér í Reykjavík 15. dag októbermánaðar 1855. Hann var þýskur í föðurrætt, sonur Edvard Siemsen kaupmanns, en móðir hans var Sigríður Þorsteinsdóttir, löggæslumanns Bjarnasonar í Reykjavík. Hann var ungur settur til menta og átti á liðnu sumri 50 ára stúdentsafmæli. Hann stundaði laganám í Kaupmannahöfn og lauk kandidatsprófi í lögum 5. júní 1882. Eftir það kom hann hingað og vann eitt ár á skrifstofu bæjarfógetans í Reykjavík, og var jafnframt málaflutningsmaður í landsyfirréttinum. Árið 1886, 23. dag ágústmánaðar, var hann settur sýslumaður í Gullbringu og Kjósarsýslu, og fékk veitingu fyrir henni 5. nóvember það haust. Gegndi hann því embætti uns hann fékk lausn frá því, 12. júní 1899 og fluttist eftir það hingað til bæjarins. Hann vann um eitt skeið á skrifstofu amtmanns og vann að öðrum skrifstofustörfum, t. d. þýðing málskjála, sem skotið var til hæstaréttar Dana o. fl. þess háttar.

Hann kvæntist Þórunni Thorsteinson, dóttur Árna landfógeta, og eru fjögur börn þeirra á lífi: Árni, kaupmaður í Lübeck, frú Sigríður kona Páls Einarssonar, hæstaréttardómstjóra, frú Soffía, kona Magnúsar kaupmanns Kjar-

## SKÓHLÍFAR

seljum við með eftirfarandi afarlága verði:

- Karlmanna 6,25
- Kven (léttar) 5,00
- Drengja 5,25
- Telpu 4,25
- Barna 3,25 og 3,75.

Ennfremur Kventáhlífar á 3,75 og Snjóhlífar á 10,50.

Kaupið meðan þessar ódýru birgðir endast.

Þvannbergsbræður.

an og Theódór, verslunarmaður í Lübeck.

Franz Siemsen var tryggur í lund og traustur í skiftum öllum. Hann var ræðinn og skemtin. Hann var tildurlaus maður og óvegsækinn; hafði hann þann metnað mestan að sjá vel fyrir heimili sínu, og þar undi hann sér best; sá hann þar sannari farsæld en í afskiftum opinberra mála.

Jarðarför hans fór fram í gær, að viðstöddu fjölmenni. Síra Bjarni Jónsson flutti húskveðju, en síra Friðrik Hallgrímsson líkræðu í kirkjunni.

## Símskeyti

—x—

Khöfn 4. jan. FB.

### Vatnavextir.

Símað er frá Bryssel, að vatnavextir sé miklir vegna hlákunnar, t. d. standa 8 þús. hús undir vatni í borginni Lüttich. Fjöldi bygginga þar er kominn að hruni og er skaðinn á þessum eina stað áætlaður 8 milj. franka. Fólk fer mestmegnis á bátum um borgina. Herlið hefir verið kallað til hjálpar og aðstoðar það borgarþúfa eftir mætti.

### Frá Ítalíu.

Símað er frá Rómaborg, að samþykkt hafi verið á stjórnarfundum, að koma á félagsskap meðal ungra manna í æfinga skyni, er yrði undirbúningur undir þátttöku þeirra í heræfingum og störfum síðar meir.

### Kista Tutankhamens.

Símað er frá Cairo, að gullkista Tutankhamens sé þar sýnd nú á safni einu.

Khöfn, 4. jan. FB.

### Enn um viðræður Mussolinis og Chamberlains.

Símað er frá London, að eitt stórblaðið haldi því fram, að þegar þeir Mussolini og Chamberlain hafi átt tal saman í Rapallo, hafi Mussolini beðið Chamberlain að mæla með því, að Bretar yrðu vægir í kröfum sínum, þegar samið verður um afborganir á skuldum Ítala við Bretana, gegn því að Ítalir styddu Bretana, ef af stríði yrði út af Mosulmálinu, Chamberlain þver-

neitaði, að fallast á málaelitan Mussolini.

### Ríkiserfinginn í Rúmeníu.

Símað er frá Búkarest, að krónprins Karl sé horfinn. Michael (sonur Karls og Helenu, hinnar grísku prinsessu, sem konungurinn þvingaði Karl til þess að taka sér að eiginkonu), hefir verið gerður að ríkiserfingja.

### Vatnavextir réna.

Símað er frá Berlín, að vatnsflóðið þverri um allt Þýskaland.

## Úlfshárin.

—o—

„Auðvald“ og „burgeisar“ eru nú ein hin verstu smánaryrði sem til eru í orðabálkum hérlendra jafnaðarmanna. Allir bjargálmenn, sem ekki fylla þeirra flokk, eru ills maklegir. Ef einhver rekur verslun eða hefir framleiðslu á hendi, þótt í smáum stíl sé, er hann kallaður „auðvald“ og „kúgari“ alþýðu.

Allir, sem verslun reka, nema kaupfélög, eru í augum jafnaðarmanna skrill eða skildingasálar og hin versta pest þjóðfélagsins. Landsverslun er hin eina mynd verslunar, sem réttinnáður jafnaðarmaður velur ekki lastyrði. Í þeirri verslun eiga jafnaðarmenn heima. Þar geta þeir unnið að kaupmensku, án þess að verða brotlegir gegn siðferðishugmyndum flokks síns, né komast á svo andlegt lágstigi, sem kaupmenn standa á að þeirra dómi.

Ljóst dæmi þessa má finna í landsversluninni. Um langan tíma hefir „jafnaðarmaðurinn“ Héðinn Valdimarsson beinlínis og óbeinlínis, í ræðu og riti, reynt að hamra það inn í höfuð alþýðu, að engi kaupmenska væri sér samboðin önnur en sú, er hann hefði á hendi fyrir landið. Alt starf hans þar átti að vera óbeinlínis í þágu hugsjóna jafnaðarmanna. Pólitískt starf í þágu alþýðu þessa lands, til þess að losa hana undan ránsbrámi heildsala og kaupmanna. Ekki er lengra síðan en tvö ár, að engi jafnaðarmaður hér hafði fleiri orð en hann um það á öllum mannfundum, að engi verslun nema landsverslun, ætti rétt nokkurrar tilveru. Öll önnur verslun var þjóðfélagsból og hróplegt ranglæti gegn allri alþýðu! Hagur alþýðu var hans hagur. Hennar ok hans ok. Hennar neyð hans sorg. Engi kunnir betur en hann að velja kaupmönnum og allri verslunartéttinni háðuleg orð. Aldrei fann hann önnur rök né bitrari vopn gegn mótstöðumanni sínum, en þau, að benda flokksbræðrum sínum á hann og segja í fyrirlitningar-róm og í háttilegri vandlætingu: „Hann er heildsali“ eða „Sjáið kaupmanninn.“ Þá þurfti ekki frekari vitna við. Í játningar-greinum íslenskra jafnaðarmanna eru slíkir menn ekki taldir með góðum borgurum. Og í hvert skifti fann alþýða Héðins Valdimarssonar „ólga sitt kúgaða blóð“ við eggjanir þessa manns, sem hún trúði að væri af mannkærleika og sæðri réttlætis-tilfinningu stiginn niður til henn-

# 14 farþega



bifreiðar getum við hér eftir útvegað með ca. 2ja mánaða fyrirvara. Bifreiðarnar eru fódraðar að innan með leðri og að öllu leyti eins útbúnar og vandaðar eins og 5—7 farþega bifreiðar.

Verð kr. 8500.00 uppsett í Reykjavík, eða á hvaða höfn sem er, sem hefir beinar samgöngur við Kaupmannahöfn.

Allar nánari upplýsingar veita:

## Jóh. Ólafsson & Co. Reykjavík

Sími 584

Stimnefni: „JUWEL“

ADALUMBODSMENN FYRIR CHEVROLET Á ÍSLANDI.



Tilbúnar  
af  
TEOFANI.

ar frá háseti yfirstéttarinnar, og segði það eitt, sem hann í heilögum samfæringarkrafti álti réttast og sanast.

En svo bregðast krosstré sem önnur tré. Og nú mætti alþýða Héðins Valdimarssonar berja sér á brjóst og segja með söknudí yfir sínum brostnu vonum: „Og þú líka, barnið mitt, Brútus.“

Nú er vígið fallið. Sú eina verslun sem góðum jafnaðarmanni er ekki ósómi að helga krafta sína, er nú að brenna sínu síðasta kerti. Nú getur alþýðan ekki gefið Héðni nokkurn styrk lengur til að halda við landverslun. Nú getur hann ekki lengur notað hennar bak til þess að brýna skipinu. Nú er svo komið, að ekkert vinst við að hyljast. Enda er nú farið að sjást á úlfshárin undan sauðargærinni.

Nú er „jafnaðarmaðurinn“ Héðinn að gerast heildsali, sem að dómi íslenskra socialista er fyrirlitlegasta atvinnugrein þjóðfélagsins.

Löngu áður en séð var út um það, hversu fara mundi um landsverslunina á síðasta þingi, fór að kvisast, að forstjór landsverslunar hefði skrifað flestum tóbaksfirmum, sem einkasalan skifti við, og falast eftir umboði þeirra, ef einkasalan yrði afnumin. Menn vita hvornig fór með einkasölu. Og nú er svo langt komið, að stofnað er hér firma sem kallast „Tóbaksverslun Íslands“, með hlutafé er nemur um eða yfir 100 þúsund krónum. Forgöngumenn og aðaleigendur þessa félags eru

forstjóri og skrifstofustjóri núverandi tóbaksseinkasölu ríkisins, Magnús Kristjánsson og Héðinn Valdimarsson, og mun hinn síðarnefndi eiga að vera framkvæmdarstjóri félagsins, enda er sagt að félagið hafi tilkynnt kaupmönnum fyrir löngu, að hann væri til viðtals í landsversluninni ef menn vildi strax senda pantanir til hins nýja félags, eða ræða um framtíðarviðskifti. Sagt er, að þeir félagar, Magnús og Héðinn, hafi fengið nokkra menn úr flokki „auðvaldsins“ í lið með sér. Mun þeim mönnum hafa skilist af útlistun forsprakkanna, sem hér væri um álitlegt gróðafyrirtæki að ræða. Þess er og getið, að ungur lögfræðingur hér, sem um eitt skeið var manna æstastur gegn þjóðnýting og socialistum, hafi nú bundist í þessi verslunarsamtök með þeim félögum og leitt Héðinn um bæinn í fjársöfnunarerindagerðum handa hinu nýja félagi. Sagt er og að þeir hafi nú þegar náð ýmsum firmum í tó-



Mikið úrval af verulega góðum

vetrarfrökkum og regnfrökkum.

Haraldur Arnason